

Verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar  
Skuggasundi 1  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. nóvember 2015  
Tilvísun: 2014090007/21.0  
Verknúmer: 3241005

**Efni: Breyting á tilhögun virkjunarkosta ON, m.a. í framhaldi af útgáfu nýtingarleyfis á Hellisheiði**

Orkustofnun hafa borist tvö erindi frá ON, bæði dagsett 10.11.2015. Í fyrra bréfinu greinir ON frá því að þar sem nýtingarleyfi á jarðhita Hellisheiði, sem Orkustofnun gaf út þann 2. nóvember 2015, nær yfir orkukostina Gráuhnúka R3270A og Hverahlíð R3271A, þá falli þeir af þeim sökum ekki lengur undir þriðja áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar.

Í samræmi við ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun fjallar verkefnisstjórn ekki um það svæði eftir útgáfu nýtingarleyfisins. Orkustofnun fellst því á þessa skoðun ON og óskar eftir því að verkefnisstjórn fjalli ekki um þessa tvo virkjunarkosti eins og þeir voru skilgreindir í skýrslu stofnunarinnar “Virkjunarkostir til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar” (OS-2015/02) sem gefin var út í ágúst 2015.

Í seinna bréfi ON með ofangreindri dagsetningu er fjallað um uppfærð gögn um virkjunarkosti á Hengilssvæði vegna afgreiðslu 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar. Í bréfinu er bent á að orðanotkun og skilgreining hugtaka hafi verið mismunandi hjá þeim aðilum sem koma að ferlinu og það hafi skapað óvissu um niðurstöður fyrri áfanga rammaáætlunar. Í því sambandi eru nefnd hugtök eins og framkvæmdasvæði, iðnaðarsvæði, vinnslusvæði og nýtingarsvæði.

Í þessu ljósi hafa OR og ON uppfært afmörkun svæða fyrir orkukostinn R3269B Meitilinn. Að auki hefur ON lagt fram nýja tilhögun fyrir orkukostinn R3271B Hverahlíð II í stað R3271A Hverahlíð. Orkustofnun lítur svo á að í raun sé þar um að ræða fyrirhugaða stækkun á því nýtingarsvæði, sem afmarkað var í fyrrnefndu nýtingarleyfi á jarðhita á Hellisheiði dags. 10. nóvember 2015, sjá nýtingarleyfi (<http://os.is/gogn/Frettir/Nytingarleyfi-ON-a-jardhita-a-Hellisheidi-02112015.pdf>).

Kemur þá til álita, hvort umrædd stækkun eins og henni er lýst í umfjöllun um orkukostinn R3271B Hverahlíð II feli í sér matsskyldar framkvæmdir samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar, sbr. ákvæði 3. mgr. 3. gr. laga nr. 48/2011. Meðan ekki hefur verið skorið úr um það atriði gerir Orkustofnun ekki athugasemd við að R3271B Hverahlíð II komi til umfjöllunar verkefnisstjórnar.

Orkustofnun fer þess á leit í samræmi við framangreint að í stað þeirrar tilhögunar sem lýst var í OS-2015/02 á virkjunarkostunum R3269A Meitilinn og R3271A Hverahlíð taki verkefnisstjórnin meðfylgjandi gögn um tilhögun virkjunarkostanna R3271B Hverahlíð II og R3269B Meitilinn til umfjöllunar.

VE  
B.B.P.

Afrit af bréfum ON eru meðfylgjandi erindi þessu ásamt gögnum sem sýna hina nýju tilhögun virkjunarkostanna.

Virðingarfyllst  
f. h. orkumálastjóra

  
Erla Björk Þorgeirsdóttir

  
Kristinn Einarsson

*Fylgiskjöl:*

Erindi ON: Uppfærð gögn um virkjunarkosti á Hengilssvæði fyrir afgreiðslu 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar dags. 10.11.2015

Erindi ON: Virkjunarkostir fyrir 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar

Skýrsla ON: R3269B Meitill

Skýrsla ON: R3271B Hverahlíð II